

Nr. 110 / 12 Gandí VE 171***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2702
Smíðaður: Noregi 1986, stál
Stærð: 901,5 brl. 1627,6 bt.
Mesta lengd: 57 m Skráð lengd: 49,82 m
Breidd: 13 m Dýpt: 8,7 m
Vél: MAN 3060 kW, 2011
Fjöldi skipverja: 22

Gögn:
Gögn RNS



Gandí©Útgerð

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. apríl 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. apríl 2012 var Gandí VE 171 á togveiðum með flotvörpu í Austurdjúpi. Veður: NA 8-10 m/s.

Verið var að taka trollið og hífa grandarana inn á flottromluna þegar hífing var stöðvuð. Skipverji frá stjórnborðs gangi var sendur inn á trollþilfarið til aftengja „stýringagleraugun“ og greiða úr tógi sem stjórna þeim. Skyndilega gaf bakborðs stýringavinda eftir svo trollið kipptist til stjórnborða og fótrepiskeðjan skaust í vinstra hné skipverjans sem slasaðist svo hann varð óvinnufær.

Við rannsókn kom fram:

- að „stýringagleraugu“ eru ætluð til að stýra gröndurunum og vængjunum við trolltöku inn á flotvindutromluna (virstýring). Þau eru dregin til þvert fyrir aftan tromluna af litlum glussavindum (tildráttarvindur) stjórnborðs- og bakborðsmegin við trollþilfarið. Gleraugun eru tveir stálhringir tengdir saman með keðjustubbum. Þegar höfuðlínustykkið kemur fram undir flotvindutromluna eru gleraugun aftengd og fara með trollinu inn á tromluna;
- að hífing hafði verið stöðvuð til að aftengja gleraugun þegar trollið sem legið hafði til bakborða dróst yfir til stjórnborða. Skipstjóri sem fylgdist með vinnu á þilfarinu taldi að bakborðsvindan hafi ekki haldið við og gefið snögglega eftir;
- að skipstjóri sagði að tildráttarvindurnar hefðu viljað gefa svona eftir þegar þungi legðist á þær enda væri það regla að reyna að halda skipinu á þeirri

togstefnu sem minnkaði tog á þessar vindur. Hann taldi að það skipti ekki máli hvort mikið eða lítið væri í trollinu því átökin væru svo mikil að vökvahemlar stýrivindanna gæfu eftir þegar trollið legðist í öndvert horn skutrennunnar;

- að skipstjóri taldi að farsælla hefði verið að senda mann úr bakborðsgangi inn á trolldekkið til að vinna þetta verk enda hafi vængirnir legið þeim megin í rennunni.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að slasaði stóð í „skotlínu“ þegar of mikið átak lagðist á bakborðs tildráttarvinduna.